

Nd.

349. Framvarp

til laga um breyting á sveitarstjórnarlögum 10. nóv. 1905.

Frá fjárhagsnefnd.

1. gr.

Sýslunefnd skal á aðalfundi semja áætlun fyrir hvert reikningsár, um tekjur og gjöld sýslusjóðs. Að því leyti sem lögskipuð gjöld og aðrar tekjur hrökkva eigi fyrir gjöldum, skal jafna því, sem til vantar, niður á hreppstjölög sýslunnar, að þriðjungi eftir samanlögðu skattmati fasteigna, að þriðjungi eftir tölu verkfærra karlmanna og að þriðjungi eftir samanlagðri fjárhæð skuldlausrar eignar og tekna af eign og atvinnu, alt í hverjum hreppi fyrir sig.

Gjald það, er þannig kemur á hvert hreppsfjelag, skal greitt úr sveitar-sjóði og skal hreppsnefndaroddvífi greiða sýslumanni það á næsta manntalsþingi.

2. gr.

74. gr. sveitarstjórnarlaga 10. nóv. 1905 er úr gildi feld.

3. gr.

Lög þessi öðlast gildi 1. jan. 1922.

Greinargerð.

Með frv. því um fasteignaskatt, sem nú er til umræðu á Alþingi og líklegt virðist, að samþykkt muni verða, er gert ráð fyrir, að ábúðar- og lausafjárskatturinn falli niður og lögín um lausafjárúnd falli burt. En með þessu er kipt í burtu þeim grundvelli, sem hið niðurjafnaða gjald til sýslusjóðanna, á hreppana, bygðist á. Til þess að ráða bót á þessu, er frv. þetta fram komið, og flytur nefndin það eftir beiðni fjármálaráðherra, en nánari grein mun verða gerð fyrir frv. í framsögu.